



Bæjarráð Garðabæjar
b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Garðabæ, 3. Mars 2015

Yfirlýsing frá Knattspyrnudeild Stjörnunar

Knattspyrnudeild Stjörnunar fagnar því að nú virðist allt benda til þess að uppbygging á fjölnota íþróttahúsi verði loks að veruleika.

Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa þegar ákveðið að farið verður í að byggja fjölnota íþróttahús sem rúmar heilan knattspyrnuvöll. Formaður skipulagsnefndar Garðabæjar kynnti bæjarbúum á opnum fundi í félagsheimili Sjálfstæðisfélags Garðabæjar þann 17. Janúar sl, hugmyndir að þrjú staðir komi til greina undir fjölnota íþróttahús, á Ásgarðssvæðinu (þar sem knattspyrnudeild Stjörnunar er með aðstöðu sína), í Hofsstaðamýri (á grasvöllinum við Hofsstaðaskóla) og í Vetrarmýri (við golfvöll GKG). Jafnframt var upplýst var að búið væri að teikna fyrirhugað hús inná alla þessa staði.

Á haustmánuðum 2013 sendi barna- og unglingaráð knattspyrnudeildar Stjörnunar frá sér ályktun sem ítrekaði þörfina fyrir knattspyrnuhúsi/fjölnota íþróttahúsi á Ásgarðssvæði (núverandi æfinga og keppnissvæði Stjörnunar).

Í janúar 2014 hélt knattspyrnudeild Stjörnunar félagsfund og lauk fundinum með ályktun fundarmanna sem hljóðaði á þann veg að "Félagsfundur knattspyrnudeildar Stjörnunar, haldinn þann 9. janúar 2014, skorar á bæjarstjórn Garðabæjar að setja aðstöðumál knattspyrnufólks í forgang og beita sér þegar í stað fyrir því að yfirbyggð aðstaða til knattspyrnuíðkunar rísi helst á Ásgarðssvæðinu án frekari tafa."

Þann 24 febrúar 2015 sl, sendi barna- og unglingaráð Stjörnunar frá sér einfalda skoðanakönnun til forráðamanna iðkenda í deildinni. Framkvæmdastjóri Stjörnunar hafði umsjón með könnuninni sem fól í sér einfaldri spurningu um hvar forráðamaður sæi fyrir sér staðsetningu á fjölnota íþróttahúsi í Garðabæ. Þrjú fyrrnefndir valmöguleikar voru í boði, a) Ásgarður, b) Hofsstaðamýri og c) Vetrarmýrin. Niðurstöður könnunanna voru nokkuð afgerandi, 61% þeirra sem kusu, kusu Ásgarðssvæðið, 13,2% kusu Vetrarmýri og 25,7% kusu Hofsstaðamýri.

Niðurstaða úr skoðanakönnun sem og fyrri ályktanir barna- og unglingaráðs og ályktun félagsfundar Stjörnunar styðja við þá afstöðu og skoðun stjórnar knattspyrnudeildar Stjörnunar að staðsetning framtíðar fjölnota íþróttahúsi í Garðabæ verði á Ásgarðssvæðinu.

Fyrir hönd stjórnar knattspyrnudeildar

*Almar Guðmundsson
formaður knattspyrnudeildar Stjörnunar*